

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 885/2001 um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað ártalsins „2002“ í 1. mgr. 2. gr. og 5. mgr. 5. gr. kemur: 2003.

2. gr.

Í stað 1. mgr. í ákvæðum til skýringar koma þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Samkeppnispróf verða haldin í desember 2002 fyrir þá sem skrásettir eru á 1. námsár við læknadeild á haustmíssi 2002. Fyrirhugaðar breytingar á námsefni 1. árs koma til framkvæmda eins og áætlað var og verður prófað úr því námsefni í samkeppnisprófum í desember 2002. Auk þess verður þá einnig prófað úr almennri þekkingu, siðfræði og nálgun vandamála eins og áætlað er að gera á inntökuprófi samkvæmt þessum reglum.

Í þessu fyrirkomulagi felst að inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands verður tekið upp í tveimur áföngum. Reglur um val stúdenta til læknisnáms og val stúdenta til náms í sjúkraþjálfunarskor, sem samþykktar voru í háskólaráði 26. mars 1992, verða endurskoðaðar í samræmi við þetta, en fyrirkomulagið verður kynnt á heimasíðu læknadeildar og í kennsluskrá Háskólans, eins og venja er.

Vorið 2003 verða inntökupróf haldin fyrsta sinni samkvæmt þessum reglum. Nemendur sem hafa þreytt samkeppnispróf á vegum læknadeildar, áður en inntökupróf eru fyrst haldin samkvæmt þessum reglum, en ekki hlotið rétt til náms í læknadeild vegna fjöldatakmarkana, verða að undirgangast inntökuprófið óski þeir að sækjast á ný eftir námi í læknadeild.

3. gr.

Reglur þessar, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. febrúar 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.